

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þórður Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jensinu Jóhannesdóttur kr. 500.00, Pipuverksmiðjunni h/f kr. 1500.00, Hreyfli s/f kr. 200.00 og Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 763.40 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1952.

Nr. 92/1951. **Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) f. h. The Performing Right Society Ltd., London, vegna Cedric Thorpe Davie's** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Hafliða Halldórssyni, Önnu Pálsdóttur, Hilmari Garðars og Gamla Bíó h/f og gagnsök
(Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Tónskáldi dæmd þóknun vegna flutnings tónverka hans með kvikmynd.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að Kristín Hafliðadóttir, sem í héraði er talin meðal málsaðilja, er látin.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1951. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað in solidum fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 27. september 1951. Krefjast þeir þess, að sýknað verði af refsikröfum aðaláfrýjanda svo og að Gamla Bíó h/f verði

sýknað af fjárkröfum hans, en til vara, að þær verði lækkaðar. Svo krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði í máli þessu, hafa aðiljar aflað nokkurra framhaldsgagna að tilhlutan Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, leigði gagnáfrýjandi Gamla Bíó h/f kvikmyndina „The Bad Lord Byron“ af Eagle-Lion Distributors Ltd. í London. Félag þetta hefur nú breytt um nafn og nefnist J. Arthur Rank Overseas Film Distributors Ltd. Samkvæmt bréfi frá lögmönnum félags þessa var Gamla Bíó h/f ekki veittur flutningsréttur á tónlist í kvikmyndinni með áðurgreindum leigusamningi milli Gamla Bíós h/f og Eagle-Lion Distributors Ltd. Var Gamla Bíó h/f því ekki heimilt að flytja tónlistina án endurgjalds. Og þar sem höfundur tónlistarinnar, Cedric Thorpe Davie, hefur framselt The Performing Right Society Ltd. flutningsrétt að tónlistinni í nefndri kvikmynd og það félag hefur falið Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) að innheimta flutningsgjaldið, þá ber með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta ákvæði hans um greiðslu úr höndum gagnáfrýjanda Gamla Bíós h/f til aðaláfrýjanda á kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá 11. desember 1950 til greiðsludags.

Þar sem vafi gat leikið á um greiðsluskyldu kvikmynda-húsa á gjöldum til höfunda tónlistar í kvikmyndum og með hliðsjón af 20. gr. laga nr. 13/1905 þykir ekki ástæða til að dæma gagnáfrýjendum Hafliða Halldórssyni, Önnu Pálsdóttur og Hilmar Garðars refsingu samkvæmt 19. gr. nefndra laga, og ber því að sýkna þau af refsikröfu aðaláfrýjanda.

Eftir þessari niðurstöðu og þar sem kostnaður aðaláfrýjanda af rekstri málsins hefur orðið mikill, þykir rétt, að gagnáfrýjandi Gamla Bíó h/f greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hafliði Halldórsson, Anna Pálsdóttir og Hilmar Garðars eiga að vera sýkn af refsikröfu aðal-

áfrýjanda í máli þessu, og fellur málskostnaður niður, að því er þessa aðilja varðar.

Gagnáfrýjandi Gamla Bíó h/f greiði aðaláfrýjanda, Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) f. h. The Performing Right Society Ltd. vegna Cedric Thorpe Davie's kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá 11. des. 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní s.l., hefur Jón Leifs tónskáld, Bókhöfundstíg 2 hér í bæ, sem framkvæmdarstjóri Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar hér í bænum, f. h. The Performing Right Society Ltd. í London vegna tónskáldsins Cedric Thorpe Davie's í Glasgow höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. des. f. á., gegn stjórnendum h/f Gamla Bíós hér í bænum, þeim Hafliða Halldórs-syni forstjóra, Ingólfsstræti, Kristínu Hafliðadóttur, Kjartansgötu 3, Önnu Páldóttur, Vesturgötu 19, og Hilmari Garðars forstjóra, s. st., öllum hér í bænum, vegna nefnds hlutafélags og persónulega.

Málavextir eru þeir, að h/f Gamla Bíó hélt á tímabilinu frá 29. maí til 2. júní 1950 14 sýningar á tónkvikmyndinni The Bad Lord Byron. Er tónlistin í téðri kvikmynd samin af enska tónskáldinu Cedric Thorpe Davie, er hér eftir verður nefndur „höfundur“, og telur stefnandi sig hafa umboð The Performing Right Society Ltd., er hér eftir verður nefnt „félagið“, til þess að gæta hér á landi hagsmuna „höfundarins“, þar á meðal að innheimta gjöld fyrir flutning á verkum hans. Tók flutningur umræddrar tónlistar á hverri sýningu 33½ mínútu, að því er stefnandi hefur haldið fram ómótmælt. Samkvæmt skýrslu stefndu nam sala aðgöngumiða á sýningar þessar kr. 10.077.87, að frádregnum skemmtana-skatti og sætagjaldi. Af þessari fjárhæð telur stefnandi, að hinu stefnda félagi beri samkvæmt gjaldskrá Stefs, setttri 22. nóvember 1949 og birtri í Lögbirtingablaðinu 30. s. m., að greiða gjald fyrir hina fluttu tónlist í kvikmyndinni, er nemi 1¼% eða kr. 125.97.

Stefnandi málsins, Stef, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, var stofnað 31. janúar 1948 í því skyni að gæta hagsmuna tónskálda og annarra tónsmiða, bæði innlendra og erlendra. Hlaut stefnandi með bréfi, dags. 2. febrúar 1949, löggildingu menntamálaráðuneytisins samkvæmt heimild í 1. gr. reglugerðar frá 1. s. m. til að gæta hagsmuna rétthafa, að því er varðar flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

Aðurgreint gjald kveður stefnandi, að hið stefnda félag hafi reynzt ófáanlegt að greiða. Þá kveður stefnandi, að fyrrnefndir stjórnendur

Gamla Bíós h/f hafi með því að flytja tónlist „höfundar“ í kvikmyndinni heimildarlaust gerzt brotlegir við 19. gr. laga nr. 13 frá 1905 og unnið til refsingar samkvæmt henni.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að fyrrnefndir stjórnendur stefnda Gamla Bíós h/f verði dæmdir til refsingar, að greindir stjórnendur hins stefnda félags verði dæmdir til þess að greiða honum f. h. „félagsins“ og vegna „höfundarins“ kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og loks, að téðir stjórnendur verði persónulega og vegna hins stefnda félags dæmdir til þess að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, bæði fyrir sig persónulega og vegna hins stefnda félags. Til vara hafa þau krafizt þess, að hið stefnda félag verði aðeins dæmt til þess að greiða hina umkröfðu fjárhæð, vaxta- og málskostnaðarlaust. Þá hafa þau krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Sýknukröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að hið stefnda félag sé ekki réttur aðili málsins. Kveða þau, að hið stefnda félag hafi fengið leigt eitt eintak af kvikmynd þeirri, sem hér um ræðir, hjá firmanu Eagle-Lion Distributors Limited í London, greitt fullt verð fyrir og fengið sýningar-rétt á mynd þessari hér á landi kvaðalausan. Telja þau, að eigi stefnandi nokkurn rétt til greiðslu fyrir vangoldin afnot af tónsmíðunum í kvikmyndinni, þá myndi sú krafa eiga að beinast að kvikmyndatökufélaginu, en ekki að hinu stefnda félagi.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfuna á því, að stefnandi eigi enga lögvarða kröfu, hvorki gagnvart hinu stefnda félagi né leigusala þess, þar sem telja verði, að upptökuréttinum hafi einnig fylgt flutningsréttur, nema sérstaklega hafi verið um annað samið milli „höfundar“ og kvikmyndatökufélagsins, og draga stefndu í efa, að eftir íslenskum lögum sé höfundarréttur tvískiptur í útgáfurétt og uppfærslurétt.

Kröfu sína um sýknu af refsikröfu stefnanda reisa stefndu sérstaklega á því, að er umrædd kvikmynd var tekin á leigu og sýnd, þá hafi þau verið í góðri trú um það, að flutningsréttur tónlistarinnar í kvikmyndinni fylgdi með í leigumálanum.

Stefnandi hefur mótmælt öllum framangreindum sýknu- og varnar-ástandum stefndu og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Með samningi, dags. 10. des. 1942, milli „höfundarins“ og „félagsins“ framselur „höfundurinn“ „félaginu“ allan flutningsrétt, sem hann þá hefur eða síðar öðlast, meðan hann er félagi í „félaginu“. „Félagið“ ábyrgist „höfundinum“ hins vegar, að það skuli, eftir því sem tímar liða, greiða honum þær upphæðir af innheimtum gjöldum fyrir opinberan flutning, sem honum beri samkvæmt reglum „félagsins“, þeim er þá gilda. Í samningnum er orðið „flutningsréttur“ skilgreint, og segir þar meðal annars, að orðið skuli ekki ná til flutningsréttar eða leyfis til flutnings á neinum eftirtalinna verka (nema með kvikmyndum), og eru síðan þau verk talin sérstaklega, sem flutningsrétturinn ekki nær til. Í samningnum segir enn fremur, að „höfundurinn“ muni ábyrgjast gagnvart „félaginu“, að hann hafi fullan rétt á þeim réttindum, sem í framsalinu til „félagsins“

greinir, og í málinu er það óvæfengt, að stefnandi sé löglegur umboðsmaður „félagsins“. Enn fremur er það óvæfengt, að „höfundurinn“ sé í „félaginu“. Samkvæmt samningi, dags. 15. febr. 1949, milli Triton Films Limited í London og „höfundarins“ skuldbindur „höfundurinn“ sig til þess að rita, semja, aðlaga, útbúa og búa til hljómsveitarflutnings fullkomið tónhandrit, sem kvikmyndatökufélagið þarfnast fyrir kvikmynd, sem nefnist The Bad Lord Byron. Enn fremur segir, að svo sé um samið, að tónlistina alla eða hluta hennar megi nota í áðurgreindri kvikmynd og í hvaða annarri kvikmynd eða kvikmyndum, sem vera skal.

Enn segir í þessum samningi, að þrátt fyrir hvað eina, er í samningi þessum kynni að greina, sé svo beinlínis um samið og því yfir lýst, að „höfundurinn“ skuli halda flutningsrétti um öll lönd, fyrir alls konar flutning á áðurgreindri tónlist, á meðan og eigi lengur en flutningsrétturinn er falinn „félaginu“. Verður ekki séð, að annað, sem í samningnum greinir, takmarki þenna rétt „höfundar“. Þá tilkynnir „höfundur“ með bréfi, dags. 14. jan. 1949, „félaginu“, að hann sé „höfundur“ tónlistarinnar í kvikmyndinni The Bad Lord Byron, og lýsir því jafnframt yfir í bréfinu, að hann hafi ekki gefið neitt framsal á flutningsrétti á tónlistinni til nokkurra þeirra manna, firma eða félaga, sem eigi séu meðlimir í „félaginu“.

Í samningi Eagle-Lions Limited og hins stefnda félags segir meðal annars, að leigusali ábyrgist gagnvart leigutaka, að eftir beztu upplýsingum þess, þekkingu og vitund hafi öll upptökugjöld til M. P. A. (Samband tónlistarútgáfufyrirtækja) og önnur afgjöld (í annarri þýðingu „önnur höfundagjöld“), (ef nokkur eru), varðandi kvikmyndir, verið greidd, önnur en afgjöld („höfundagjöld“), sem sýnendum venjulega og eðlilega ber að greiða, og tekur leigusali á sig ábyrgð á margs konar atvikum gagnvart leigutaka. Þá segir enn fremur í þessum samningi, að hann taki til sýningar, flutnings, afhendingar kvikmyndanna opinberlega og í sambandi við það endurframköllunar hljóðsins, sem er samstillt við þær.

Með lögum nr. 74 frá 1947 var ríkisstjórn Íslands heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er settur var í Bern 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928 um vernd bókmennta og listaverka. Samkvæmt auglýsingu utanríkisráðuneytisins, dags. 19. september 1947, gekk sáttmáli þessi í gildi fyrir Ísland 7. s. m. með þeim fyrirvara, að varðandi þýðingar gildir 10 ára frestur sá, sem tiltekinn er í 4. gr. laga nr. 13 frá 1905 í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans. Samkvæmt 1. tölulið 14. gr. Bernarsáttmálans hafa höfundar verka á sviði bókmennta, vísinda eða lista einkarétt á að leyfa endurnýjun, aðlögun (adaptation) og opinberan flutning verka sinna í kvikmyndum. Af þessu eina af mörgum ákvæðum íslenskra laga þykir ljóst, að greint er milli upptökuréttar og flutningsréttar.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið um samninga aðilja máls þessa, virðist ljóst, að „höfundur“ hefur ekki selt öðrum en stefnanda í hendur flutningsrétt sinn á tónlistinni í kvikmyndinni The Bad Lord Byron. Ber því að dæma hið stefnda félag, sem er réttur aðili í máli þessu,

til að greiða hina umkröfðu fjárhæð, sem ekki hefur verið véfengt að sé samkvæmt löglegri gjaldskrá stefnanda, og með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar eð greiðsla hefur ekki verið boðin fram.

Af því, sem rakið er um efni samnings milli stjórnenda hins stefnda félags og leigusala þess, þykir ekki hjá því komizt að refsa þeim, hverjum fyrir sig, samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 13 frá 1905, og þykir refsing hvers einstaks stjórnanda hæfilega ákveðin 150 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd, áður en aðfararrestur í máli þessu er liðinn, tveggja daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að hið stefnda félag og stefndu persónulega greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað, og er þá tekið tillit til fyrri þáttar málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna mikilla anna við embættið.

Dómsorð:

Stefndu, stjórnendur Gamla Bíós h/f, Hafliði Halldórsson, Kristín Hafliðadóttir, Anna Pálsdóttir og Hilmar Garðars f. h. félagsins, greiði stefnanda, Jóni Leifs, framkvæmdarstjóra Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, f. h. The Performing Right Society Ltd. vegna Cedric Thorpe Davie's, kr. 125.97 með 6% árs-vöxtum frá 11. desember 1950 til greiðsludags.

Áðurnefndir stjórnendur Gamla Bíós h/f greiði persónulega hver fyrir sig 150 króna sekt í rikissjóð, og komi tveggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd, áður en aðfararrestur í máli þessu er liðinn.

Þá greiði stefndu, stjórnendur Gamla Bíós h/f fyrir félagsins hönd og persónulega, stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1952.

Nr. 148/1951. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Guðlaugi Bjarna Guðmundssyni

(Theódór B. Línal).

Bifreiðaslys. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.